

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalnámskrá leikskóla.

#### 1. gr.

Með vísan til 13. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008, með áorðnum breytingum, staðfestir mennta- og barnamálaráðherra hér með breytingar á aðalnámskrá leikskóla sem miða að því að skýra nánar hlutverk leiksins sem námsleið leikskólans og hvernig meta meggi viðhorf, líðan og stöðu barna með virkum og reglubundnum hætti.

Breytingar voru gerðar á 7.-10. kafla sem birtar eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi 1. september 2023.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 17. ágúst 2023.

Ásmundur Einar Daðason.

Erna Kristín Blöndal.

### Fylgiskjal I.

#### 7 Leikur og nám barna.

Leikur er lífstjáning og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Í leik lærir barn margt sem enginn getur kennt því. Mikið sjálfsnám felst því í leik, honum fylgir bæði gaman og alvara. Sjálfsprottinn leikur er námsleið ungra barna og skal því vera meginnámsleið í leikskóla. Leikur sem er sjálfsprottinn greinist frá öðru atferli í því að hann er leiddur af börnum; þau ákveða sjálf að leika, hvar og hvenær hann fer fram og um hvað leikurinn snýst. Þau semja reglur leiksins, skipuleggja upphaf, framvindu og lok hans. Með sjálfsprottum leik er til dæmis átt við hlutverkaleik, byggingaleik og ærslaleik en þar þurfa börn að læra að setja mörk. Þegar fjallað er um leik hér á eftir er átt við sjálfsprottinn leik.

Einn mikilvægasti þáttur í námi hvers barns eru tengsl þess við önnur börn og kennara. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál sem upp koma, á eigin forsendum. Leikur yngstu barna leikskóla hefst með hreyfingu líkama, merkingasköpun þeirra fer þannig fyrst og fremst fram í gegnum líkamlegar athafnir. Smám saman verða félagsleg einkenni leiksins ljósari og talað mál meira áberandi. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum meðal annars þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiðum annarra.

Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar.

Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Fjöldi námsþátta eflist í leik, jafnt vitrænir sem skapandi. Leikur kallar á fjölbreytta notkun tungumáls, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl.

Börn eiga að fá tækifæri til að leika sér á eigin forsendum, en jafnframt er það ábyrgð leikskólakennara að vera til staðar, styðja við leikinn og taka þátt í honum á forsendum barnanna og leiksins. Leikskólakennarar skrá og ígrunda leik barna í samræmi við matsaðferðir og vinnulag hvers leikskóla og hvetja þau til að takast á við ný og framandi viðfangsefni. Þeir skipuleggja og bjóða fram kveikjur, það er efnivið sem grípur athygli barna og vekur áhuga þeirra á að nýta sér hann í leik.

#### 7.1 Hlutverk og ábyrgð leikskólakennara og starfsfólks.

Leikskólakennarar skulu vera mótandi í leikskólastarfi, ábyrgð þeirra er að skapa sérhverju barni tækifæri og bestu aðstæður til náms í leik þar sem barnið stjórnar framgangi leiksins.

Leikskólakennari skal:

- aðlaga námssvið leikskólans að áhuga barna,
- vinna að samþættingu leiks við grunnþætti og námssvið leikskóla og hafa yfirsýn yfir hvar og hvernig nám fer fram í leik með hliðsjón af námssviðum leikskóla og grunnþáttum menntunar,
- hafa yfirsýn yfir almenna færni og nám barna og vera leiðandi í að efla nám þeirra með þátttöku í leik,
- vera til staðar, taka þátt í leik barna, styðja við hann og kenna börnum að leika sér ef þess er þörf,
- styðja sérstaklega við yngstu börnin þegar þau taka sín fyrstu skref í leik með öðrum, með tilliti til færni þeirra og tjáningarmáta,
- skrá og ígrunda tengsl barna við önnur börn, fullorðna og umhverfi sitt í gegnum leik,
- skrá og ígrunda leik barna,
- greina og bregðast við valdaójafnvægi og stöðu barns í leik með öðrum börnum,
- velja fjölbreyttar námsleiðir og vinnubrögð sem hvetja til skapandi og ígrundandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnum,
- skapa börnum tækifæri til að undrast,
- greina og bregðast við kynjun og fjölmenningu í leik barna,
- leggja grunn að íslenskunámi barna og veita þeim ríkuleg tækifæri til að efla málfærni sína í daglegu starfi og leik,
- bera virðingu fyrir fjölbreyttum tungumálum og leita leiða til að styðja við móðurmál og virkt fjöltyngi í leik og daglegu starfi.

Leikskólakennari skal vera faglegur leiðtogi í að skapa aðstæður sem stuðla að:

- opnu og sveigjanlegu skipulagi sem veitir gott svigrúm fyrir sjálfsprottinn leik barna,
- nægu rými og samfelldum tíma fyrir leik til að þróa hann og dýpka, sjálfsprottnum athöfnum, sjálfræði og styðja við áhuga barna,
- því að börn geti byggt nám sitt á fyrri reynslu og þekkingu,
- leikumhverfi sem veitir aðgengi barna að fjölbreyttum efnivið og eigin vali um ólíkar leiðir til að; vinna úr hugmyndum sínum, undrast, rannsaka, finna lausnir, tjá sig og skapa,
- fullgildi barna þannig að þau geti tekið þátt og öðlast gleði í leik,
- góðum leikskilyrðum þar sem vinátta barna og menning þeirra fær notið sín,
- faglegri umhyggju,
- stuðningi við tjáningu barna á tilfinningum sínum og líðan,
- samstarfi barna og fullorðinna í leik.

Allir sem vinna við uppeldi og menntun í leikskóla skulu:

- sýna börnum virðingu, tala skýrt og fjölbreytt mál við þau,
- taka mið af mismunandi tjáningarmáta barna í leik,
- spyrja börn opinna spurninga og hlusta eftir og skrá hvað þau eru að fást við og túlkun þeirra í leik,
- sýna jákvæðni gagnvart fjölbreytileika og því að hver og einn á rétt á hlutdeild í leikskóla-samfélaginu á eigin forsendum,
- taka nýjungum á sviði miðla og tækni með opnum en gagnrýnum hug og nýta á skapandi hátt í leik,
- vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna og styðja við nám þeirra,
- vera vakandi yfir námi, styrkleika og áhugamálum barna í leik,
- styðja við og efla jákvæð samskipti barna í leik,
- hafa frumkvæði að því að virkja öll börn til að geta tekið þátt í leik,
- taka þátt í leik barna á forsendum þeirra.

## 8 Námsumhverfi.

Húsnæði, búnaður leikskóla, útileiksvæði og nærumhverfi mynda námsumhverfi leikskóla því leikskólabörn læra bæði úti og inni. Skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis endurspeglar þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfsins. Umhverfið er jafnframt mikilvægur áhrifaþáttur í námi barna og þarf hönnun þess, nýting og skipulag að taka mið af reynslu, hæfni og áhuga barnahóps með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Skipulag námsumhverfis á að skapa ramma um sjálf-ræði barna.

Umhverfi leikskóla skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem varðandi húsbúnað, rými, hljóðvist, lýsingu, loftgæði og loftræstingu. Þegar námsumhverfi leikskóla innan- og utandyra er skipulagt ber að hafa í huga markmið leikskólastarfsins, notagildi og fagurfræðilega þætti. Umhverfið þarf að vera öruggt, heilsusamlegt og jafnframt hvetjandi og aðlaðandi. Leggja skal alúð í skipulag og hönnun umhverfis þar sem verk barna njóta sín. Námsumhverfi leikskóla þarf að henta fjölbreyttum hópum barna. Það þarf að geta tekið breytingum og þróast með tilliti til þarfa og áhuga þeirra sem þar dvelja. Börn og foreldrar eiga að fá tækifæri til að hafa áhrif á skipulagningu námsumhverfisins í samráði við starfsfólk leikskóla.

Húsnæði á að vera skipulagt þannig að það stuðli að samskiptum milli barna, milli starfsfólks og barna og milli starfsfólks og foreldra. Skipuleggja ætti svæði þar sem leikur og nám fara fram í litlum hópum, rými þar sem börn geta verið í ró og næði, svæði þar sem börn geta leikið í stærri hópum og rými þar sem svigrúm er fyrir fjölbreytta hreyfingu. Umhverfi leikskóla þarf að vera sveigjanlegt þannig að börn geti nýtt það á ýmsa vegu og farið frjálst frá einum stað til annars, fengið hugmyndir og nýtt efnivið sem þar er að finna.

Efniviður leikskóla á að vera margbreytilegur og höfða til ólíkra barna á ólíkum aldri. Mikilvægt er að endurmeta og þróa leikefni reglulega. Leikefni þarf að vera hvetjandi og höfða til mismunandi skynjunar og örva börnin til rannsókna og kannana. Mikilvægt er að börn geti notað leikefni á fjölbreyttan hátt, byggt á reynslu sinni og fjölbreyttum tungumála- og menningarlegum bakgrunni. Leikefni þarf að vera aðgengilegt börnum. Rými og efniviður þarf að vekja forvitni barna og ýta undir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu þannig að hugmyndir þeirra njóti sín.

Leikskólalóð er mikilvægt námsrými sem á að hvetja börn til leiks, til að rannsaka, hreyfa sig og tjá sig á mismunandi vegu. Til að svo megi vera þarf að huga að fjölbreytileika, m.a. í landslagi, jarðvegi, gróðri og þeim efnivið sem börnin hafa aðgang að.

Nærumhverfi leikskóla er margbreytilegt og mismunandi eftir staðsetningu leikskólans. Náttúran býður upp á fjölbreyttan efnivið og margvísleg tækifæri til rannsókna og uppgötvana. Manngert umhverfi í nágrenni leikskóla er einnig mikilvægt námsumhverfi sem börn þurfa að fá tækifæri til að kynnast og læra af.

## 9 Leikur í samþættu og skapandi leikskólastarfi.

Leikskólastarf byggist á lögum um leikskóla þar sem lögd er áhersla á gildi leiks og skal skipulag leikskólastarfs taka mið af því. Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla eru sjálfstæðir þættir sem fléttast saman, þeir eiga að byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast daglegum athöfnum í leikskóla. Þrátt fyrir að einstök námssvið samtvinnist hefur hvert svið sín sérkenni og styrkist með leik. Snertiflötur samþættingar í leik barna getur til dæmis verið sköpun, læsi, sjálfbærni og samskipti í einum og sama leik.

Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla eiga að:

- vera ánægjuleg og stuðla að vellíðan barna,
- stuðla að því að starf leikskóla einkennist af inngildandi hugarfari og starfsháttum,
- vera samþætt leik barna og hvetja þau til sjálfsprotts leiks,
- taka mið af margbreytileika barna,
- stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði,
- byggjast á áhuga, hugmyndum, reynslu og þátttöku barna,
- vera samofin daglegu starfi leikskóla,

- taka mið af aldri, færni og þekkingu barna,
- stuðla að því að nám barna fari fram í samvinnu og samstarfi við önnur börn og fullorðna,
- efla trú barna á eigin getu,
- stuðla að sterkri sjálfsmynd barna og þekkingu þeirra á eigin tilfinningum,
- stuðla að sjálfstæði, sjálfræði og frumkvæði,
- hvetja til ímyndunar og sköpunar,
- efla fjölskynjun í leik,
- vekja forvitni og hvetja til rannsókna og að spyrja spurninga,
- efla áhuga barna á námi og hvetja þau til að læra og auka þekkingu sína, leikni og hæfni,
- taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms,
- vera skipulögð í samvinnu barna, starfsfólks og foreldra,
- taka mið af mismunandi tjáningarmáta barna.

### 9.1 Leikur sem námsleið.

Í leikskólastarfi á að skapa sérhverju barni bestu leikaðstæður sem völ er á. Leikskólakennarar eiga að hafa markviss áhrif á, taka þátt og efla nám þeirra í leik þar sem barnið stjórnar framgangi leiksins. Meirihluti leikskóladagsins á að innihalda leik, þar sem hverju barni eru veitt skilyrði til að njóta styrkleika sinna.

Valdefling barna er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi, að börn geri sér grein fyrir styrkleikum sínum og læri að byggja á þeim í merkingarsköpun sinni. Leikskólastarf á að stuðla að því að börn séu leiðtogar í eigin lífi. Það hefur jákvæð áhrif á vellíðan barna að þau upplifi að þau tilheyri samfélagi leikskólans, að á þau sé hlustað og þau taki virkan þátt í leikskólastarfinu, einnig er það mikilvæg vörn gegn einelti á meðal leikskólabarna. Þegar börn gera sér grein fyrir eigin möguleikum, geta þau betur tekist á við áskoranir, náð ávinningi og sýnt seiglu.

Í leik mynda börn tengsl við aðra, skapa sér þekkingu, taka sér hlutverk, skapa ímyndaðar aðstæður og fylgja reglum leiksins sem þau setja sjálf. Börn hafa mismunandi áhuga, búa yfir ólíkri reynslu og þekkingu, sem þau auðga leik sinn með. Þannig fer fram samofað nám í leik þar sem börn læra hvert af öðru með stuðningi leikskólakennara. Hægt er að ýta undir samþættingu námssviða með að hafa fjölbreyttan efnivið aðgengilegan börnum.

### 9.2 Læsi – samskipti.

Börn eru almennt félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti. Í leik eflist hæfileiki barna til samskipta og málþroski þeirra eykst, þau tjá hugmyndir sínar, reynslu, tilfinningar og beita tungumáli á fjölbreyttan hátt. Börn læra með því að herma eftir því sem aðrir segja og gera í leik, þannig er barn bæði fyrirmynd og þátttakandi í leik. Börn hugsa og tjá sig gjarnan í myndum og táknum. Mikilvægt er að þau fái að nota líkamstjáningu jafnhliða töluðu og rituðu máli í leik og áhugi þeirra á ritmáli, bókum og margvíslegum miðlum sé vakinn. Einnig er mikilvægt að þau læri að lesa í myndir og tákni og hafi frjálsan aðgang að efnivið til sköpunar í leik svo sem til að skrifa, teikna og hanna leikmuni. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Í leikskóla fá börn tækifæri til að átta sig á og öðlast skilning á að mál og tákni hafi merkingu. Tungumálafærni er undirstaða þess að börn geti tjáð sig og tekið virkan þátt í daglegu starfi, þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Máltaka barna þróast í nokkrum þrepum og einstaklingsmunur er á því hversu fljót börn eru að öðlast skilning og færni til að tjá sig á móðurmáli sínu en ekki síður á nýju tungumáli. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig, mikilvægt er að þau fái tækifæri til þess í leikskóla. Auk tungumálsins nota börn til dæmis líkamstjáningu, ýmis konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í leik geta börn gert tilraunir með og prófað sig áfram í notkun tungumálsins í öruggu umhverfi með öðrum börnum og fullorðnum. Efla þarf öll börn til að ná tökum á íslenskri tungu svo þau hafi betri forsendur til að taka þátt í leik og daglegu starfi.

Í leik tjá yngri börn sig frekar með líkamanum en með orðum, þau tjá upplifanir og reynslu með líkamstjáningu. Því þarf að hlusta á fjölbreyttan tjáningarmáta barna svo að rödd þeirra heyrist og

sjónarmið þeirra leiði til áhrifamáttar þeirra. Yngstu börnin þurfa að fá tækifæri til að hlusta á eigin rödd, mynda alls konar hljóð og hljóðasambönd, endurtaka, herma eftir, oft verður það að leik. Mikilvægt er að sýna tilraunum barna í leik og starfi áhuga, skoða hver áhugi þeirra er og hvernig hægt er að styðja við þau sem einstaklinga og allan barnahópinn. Í samræðum við yngstu börnin er mikilvægt að setja orð á og lýsa athöfnum, leika með orð og byggja upp leikorðaforða þeirra og vera börnum góð málfrirmynd.

Börn geta tekist á í leik og semja jafnvel um ólík sjónarmið með leikrænum hætti, huga þarf að ójöfnum valdatengslum meðal barna sem hafa áhrif á stöðu þeirra í leik. Börn geta unnið úr reynslu sinni og tilfinningum í leik og sett þær í samfélagslegt samhengi. Í leik læra börn einnig að þróa félagsleg tengsl við önnur börn, mynda vinatengsl, skapa sína eigin jafningjamenningu og tilheyra samfélagi leikskólans. Þau æfast í að lesa í aðstæður í leiknum, taka tillit til annarra, lesa í eigin líðan, nýta margbreytilega hæfileika sína og mynda með sér jákvætt og hvetjandi námssamfélag.

Í leikskóla ber að skapa aðstæður svo börn fái tækifæri til að:

- eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti,
- endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi,
- tjá sig með margvíslegum hætti,
- velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu sem og menningu og samfélagi annarra,
- geta ígrundað í næði,
- efla trú á eigin getu,
- eiga hlutdeild í starfi leikskólans,
- þróa læsi í víðum skilningi,
- iðka margbreytilega tjáningu,
- deila skoðunum sínum og hugmyndum,
- kynnast tungumálinu og möguleikum þess,
- þróa tungumál í leik með öðrum börnum,
- nýta tungumál á fjölbreyttan hátt - upplifanir og orð verða tækifæri til sköpunar,
- njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri,
- nýta ritað mál í leik,
- öðlast skilning á að líkamstjáning og tákn hafi merkingu,
- nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar,
- læra á stafræna miðla, efla hæfni sína á því sviði og hagnýta sér stafræna tækni í daglegu lífi,
- verða meðvituð, gagnrýnin á stafræna tækni,
- beita stafrænni tækni í leik á skapandi hátt,
- hafa aðgang að tækni til að stuðla að jöfnun tækifæra.

### 9.3 Heilbrigði og vellíðan.

Öll börn eiga rétt á að læra og þroskast í öruggu umhverfi þar sem þeim er mætt af virðingu. Heilbrigði grundvallast á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Leikur styrkir heilbrigði barna, þau eru ólík og hafa mismunandi þarfir sem mikilvægt er að komið sé til móts við í leikskólastarfi. Fagleg umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla; umhyggja sem felur í sér faglega þekkingu og ábyrgð hvers leikskólakennara, er hluti af skuldbindingu hans við starfið. Mikilvægt er að starfsfólk myndi góð og nán tengsl við börnin, sýni þeim kærleik og virðingu og stuðli að því að börnin fái tækifæri til að upplifa gleði og tilhlökkun.

Leikur þarf að ögra og örva hreyfifærni barna innan- sem utandyra, mikilvægt er að börn fái margvíslega hreyfingu í daglegu leikskólastarfi. Leikgæði byggjast ekki eingöngu á þeim einstaklingum sem leika sér heldur einnig á aðstæðum og því er mikilvægt að leikur barna í leikskóla fái gott rými og góða hljóðvist. Námsumhverfi leikskóla á að vera eins eiturefnalaust og unnt er, þar með talið; efni- viður, fæði og hreinsiefni.

Nauðsynlegt er að börn fái tækifæri til hvíldar yfir daginn, sérstaklega yngstu börnin sem þurfa að sofa. Einnig að börn fái fjölbreyttan, góðan og næringaríkan mat í leikskóla. Að snæða er félagsleg athöfn og umhverfið og andrúmsloftið sem ríkir þegar borðað er skiptir ekki síður máli fyrir líðan og heilsu en fæðan sjálf. Mikilvægt er að börn geti borðað í notalegum húsakynnum sem ætluð eru til að matast í og fái nægan tíma til að borða. Börn þurfa að fá tækifæri til að læra að þekkja eigið magamál; hafi um það að segja hvað þau borða, hve mikið og hve lengi þau eru að borða.

Í leikskóla ber að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna með því að leggja áherslu á:

- jöfnun félags- og menningarlegra aðstæðna barna,
- virka þátttöku barna í leik og starfi,
- faglega umhyggju,
- líkamlega og andlega vellíðan,
- persónulega umhirðu,
- gott rými fyrir leik svo að börnin hafi svigrúm til að tjá sig í hreyfingu,
- rými fyrir vellíðan og ró,
- slökun og hvíld,
- tilfinningalegt jafnvægi,
- samfelldan tíma til leiks,
- holla næringu,
- margvíslega hreyfingu,
- ögrandi og krefjandi útivist,
- eiturefnalaust umhverfi.

#### 9.4 Sjálfbærni og vísindi.

Þegar unnið er að sjálfbærni þarf að huga að samþættingu umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Undirstaða sjálfbærrar þróunar í leikskóla er að börn læri að þykja vænt um hvert annað, umhverfi sitt og náttúruna. Börn læra lýðræði með því að iðka það í daglegu starfi, finna eigin styrkleika í að tilheyra og vera þátttakandi í hópi, sjá og skilja þætti frá sjónarmiði annarra, sem er mikilvægur þáttur í lýðræði. Börn þróa með sér samskiptafærni í leik með öðrum. Mikilvægt er að börn eflist í jákvæðum samskiptum og fái tækifæri til að leysa mál sem upp koma í leik á eigin forsendum. Námsumhverfi leikskólans þarf að endurspegla margbreytileika samfélagsins svo sem um menningu, kynhegðun, tungu og trú. Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka, draga ályktanir og tjá skoðanir sínar ýmist með orðum eða líkamstjáningu. Í leikskóla þurfa börn að fá tækifæri til að læra vísindi með skapandi hugsun og í leik, þar sem þau örva sem flest skilningarvit sín; nota fjölskynjun. Börn kanna og ræða samhengi fyrirbæra í umhverfi sínu, í leik setja þau fram eigin hugmyndir og tilgátur, gera tilraunir og draga ályktanir. Til að börn fái tækifæri til nota eðlisfræði- og stærðfræðihugtök í leik þurfa þau að hafa aðgang að fjölbreyttum opnum efnivið. Yngstu börnin þurfa að vera í margvíslegu umhverfi þar sem þau fá að kanna eðli hluta út frá þáttum eins og stærð, lögun og efnisgerð. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem mismunandi náttúrufyrirbæri, vísindi og tækni, ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga, kanna og leita alls konar lausna. Mikilvægt er að leikefni barna í leikskóla sé margháttað; ný tæknigögn sem og opinn efniviður. Mikilvægt er að ný tækni sem innleidd er í leikskóla verði hluti af og stýrist af skapandi hugsun í leik.

Í leikskólastarfi er mikilvægt að skapa börnum tækifæri til að upplifa og njóta náttúrunnar úti. Virðing og góð umgengni um náttúruna eykst samhliða því sem börn dvelja lengur þar og kynnast henni í gegnum leik. Það eykur félagsfærni barna þegar leikskólalóð býður upp á fjölbreytta samveru í leik og námi. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Leggja skal áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með svo sem náttúru og samfélag. Börn þurfa að fá tækifæri til að vera virk í umhverfisvernd til dæmis með því að ræða efnisnotkun og matarsóun, með því að flokka úrgang og ræða um hvers vegna flokkun er mikilvæg.

Í leikskóla á að skapa aðstæður svo börn fái tækifæri til að:

- þykja vænt um hvert annað, umhverfi sitt og náttúruna,
- vinna með og velta vöngum yfir umgengni sinni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi,
- rannsaka og uppgötva nærumhverfi sitt,
- efla jákvæð samskipti og þau fái tækifæri til að leysa mál sem upp koma í leik á eigin forsendum,
- tengja hugmyndavinnu, eigin uppgötvanir um náttúruna og náttúruleg fyrirbæri,
- vinna í samvinnu og samstarfi með öðrum, bæði öðrum börnum og fullorðnum,
- sjá hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun,
- kynnast hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni, margvíslegum auðlindum og nýtingu náttúrunnar, eiturefnum í umhverfinu, endurnýtingu efniviðs í leik og skapandi starfi,
- kynnast upplýsingamiðlum, framsetningu og gildi upplýsinga,
- kynnast stærðfræðilegum viðfangsefnum, svo sem flokkun, tölum, táknum og mynstrum,
- kynnast lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra,
- átta sig á eðli ýmissa krafta og birtingarmyndum þeirra í umhverfinu,
- kanna eiginleika ýmissa efna og hluta, svo sem áferð og þyngd,

### 9.5 Sköpun og menning.

Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun menningar, lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess. Sköpun og menning er veigamikill þáttur í námi barna og samofin leik þeirra. Leikur er skapandi, börn ákveða hvernig leikur þróast og nær allt er mögulegt í leik. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Barn fer í gegnum sköpunarferli og velur og hafnar á leið sinni. Það fær hugmynd sem þarf að móta og vinna með, þar til miðill er valinn sem verkfæri til að nota í að framkvæma hugmynd, sem síðan er skoðuð í lokin og metin. Í vinnu samhliða öðrum börnum og fullorðnum sem eru að skapa eða leita lausna verður til umhverfi þar sem hugmyndir verða til, virðing fyrir hugmyndum annarra og miðlun eigin hugmynda verður að veruleika. Í listum eða skapandi verkefnum eru börn að efla eigin dómgreind á náinn og einlægan hátt og gera skal barni kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Umhverfi leikskóla á að örva fjölskynjun og styðja við sköpunarkraft barna svo sem með; myndsköpun, tónlist, dans, leikrænni tjáningu, vinnu og leik með orð, margs kyns tækni og opnum efnivið. Nýjungum á sviði miðla og tækni á að taka opnum örmum og nýta á áhugaverðan og skapandi hátt.

Í skapandi leikskólastarfi er skipulag opið og sveigjanlegt þar sem fjölbreyttar námsaðferðir og leikur barna er í forgrunni. Leikur barna byggir á reynslu þeirra, þekkingu og skapandi hugsun. Vettvangsferðir og útivera styður við leik og nám barna og er uppspretta sköpunar. Börn eru hvött til að gera margvíslegar tilraunir, leita lausna í gegnum könnunar- og uppgötvunarferli þar sem ný merking verður til. Börn eiga að hafa áhrif á og taka virkan þátt í skólastarfinu, ákveða til að mynda; hvað þau vilja leika og hvernig þau vilja nota efnivið, ýtt er undir forvitni, spurningar og tilgátur barna. Börn fáist við fjölbreyttan efnivið og eigi val um ólíkar leiðir til að vinna úr hugmyndum sínum, slíkt sjálfræði barna er mikilvægt.

Menning er samofin öllu starfi leikskóla til dæmis leik barna þar sem þau skapa bæði eigin menningu og kynnast menningu annarra. Leikskólinn á að vera vettvangur fjölmennningar. Mikilvægt er að nýta fjölbreyttan menningarheim barnahóps og fjölskyldna þeirra til að vikka sjóndeildarhringinn. Leikskólastarf á að endurspeglar margbreytilega menningu mismunandi einstaklinga. Horft skal til margbreytileika og er það réttur hvers og eins að tilheyra leikskólasamfélaginu á eigin forsendum.

Í leikskóla á að vera rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu þar sem börn fá:

- að undrast, upplifa og njóta þess að taka þátt í skapandi ferli,
- að finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti,
- að kanna, uppgötva og vinna með margvíslegan efnivið,
- að njóta fjölbættra tjáningarleiða,

- að upplifa trú á eigin getu til að skapa,
- tækifæri til að vinna verk sem byggjast á eigin frumkvæði, að skapa og tjá upplifun sína, svo sem í myndlist, tónlist, söng, dansi og leikrænni tjáningu,
- að njóta margháttar menningar og lista,
- að kynnast fjölbreyttum aðferðum og verkfærum,
- að nýta margvíslega tækni,
- umhverfi og efnivið sem býður upp á skapandi lausnir,
- að taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu,
- að kynnast og vinna með listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista,
- að vera mótendur barnamenningar.

## 10 Mat á leik, námi og velferð barna.

Markmið mats er að auka þekkingu leikskólakennara, barna, annars starfsfólks og foreldra á færni, námi og líðan barna. Upplýsingar matsins eru notaðar til að styðja við nám og vellíðan barna, við skipulagningu leikskólastarfsins í samstarfi við börn og foreldra. Matið á einnig að tryggja að jafnræði og réttindi barna séu virt. Mikilvægt er að mat byggist á þátttöku og samvinnu leikskólakennara, annars starfsfólks, barna og foreldra. Börn eiga, í samræmi við aldur og þroska, að taka þátt í að meta nám sitt, setja sér markmið og koma með tillögur að leiðum.

Upplýsingaöflun þarf að leiða til umbóta fyrir barnið og styðja við nám þess og vellíðan. Hver leikskóli á að byggja gagnasöfnun á fjölbreyttum aðferðum sem taka mið af mismunandi tjáningarmáta barna og móta vinnulag við að safna, skrá, skipuleggja og greina upplýsingar. Gera þarf grein fyrir vinnulagi hvers leikskóla í skólanámskrá og hafa það aðgengilegt þeim sem málið varðar og tengja það innra mati leikskólans eftir því sem við á.

Mat á leik, námi og velferð barna í leikskóla skal taka mið af áhuga, getu og hæfni þeirra. Mat á meðal annars að efla sjálfsmynd barns og trú þess á eigin getu, ásamt því að stuðla að jafnrétti til menntunar. Mat sem unnið er í samstarfi leikskóla, foreldra og barna, stuðlar að betri skilningi og innsýn í námsferli barna, áhuga þeirra og styrkleika. Upplýsingum er reglulega safnað á markvissan og fjölbreyttan hátt; um það sem börnin hafa áhuga á, hvað þau fást við og hvað þau geta, í þeim tilgangi að efla nám og vellíðan þeirra. Matsferli á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans, byggjast á leik barna sem námsleið þeirra og endurspegla markmið leikskólastarfsins og skólanámskrá leikskólans.

Leikur er meginnámsleið barna í leikskóla og því þarf hver leikskóli að þróa matsaðferðir þar sem nám barna í leik er metið. Það geta verið skráningar af ýmsu tagi svo sem ljósmyndir, tilviksskráningar, frásagnir barna, hljóðupptökur, myndbandsupptökur og annað sem lýsir ferli leiks, hugmyndum, tilgátum, reynslu, líðan og þekkingu barna. Skráningarnar eru meðal annars nýttar til að þróa nám barna í leik.

Mat á námi og líðan barna er bæði einstaklingsmiðað og hópmiðað. Einstaklingsmiðað mat byggir á styrkleikum og færni hvers barns með það að leiðarljósi að efla það og styrkja. Hópmiðuðu mati er ætlað að styrkja barnahóp eða stöðu einstakra barna í hópnum. Þar þarf meðal annars að meta hvort leikskólastarfið endurspeglir margbreytileika barnahópsins og samfélagsins. Skoða þarf hvernig aðgengi barna er að námsumhverfi sem styður við sjálfræði, færni, nám og vellíðan þeirra. Matið er fyrst og fremst umbótamiðað og úrbætur felast í því að aðlaga námsumhverfi og námsaðferðir að börnum, þannig að hæfileiki hvers og eins fái að njóta sín í leikskólastarfinu.

Í einstaklingsmiðuðu mati er lögð áhersla á:

- andlega og líkamlega vellíðan hvers barns,
- færni þess í daglegum athöfnum,
- upplifun barns að tilheyra barnahópnum,
- hvernig barn unnið sér í leik,
- sjálfræði og sjálfstæði,
- sjónarmið, áhugasvið, hugmyndir og tilgátur,



- frumkvæði og sköpunarkraft í leik og daglegu starfi,
- þátttöku í leik úti og inni,
- félagsfærni og samkennd,
- tjáningu og samskipti,
- áhrifamátt barns.

Í hópmiðuðu mati er lögð áhersla á:

- margbreytileika barnahóps,
- stöðu einstakra barna í hóp,
- áhugasvið, hugmyndir og tilgátur barnahóps,
- þróun leiks í barnahóp,
- þátttöku og samskipti barna í leik,
- aðgengi barna að leikefni,
- sjálfræði barna,
- birtingarmyndir námssviða leikskóla í leik.

---

B-deild – Útgáfudagur: 31. ágúst 2023